



41. fundur bæjarráðs Blönduóssbæjar
fimmtudaginn, 8. maí, 2003, kl. 17:00 á skrifstofu bæjarins.

Valdimar Guðmannsson, formaður bæjarráðs, setti fundinn og bauð fundarmenn velkomna. Mæting skv. undirskriftum.

Dagskrá:

1. Fundarboð á aðalfund KH hf.
2. Tilkynning um 11. ársþing SSNV.
3. Ályktanir 63. fulltrúaráðsfundar Sambands íslenskra sveitarfélaga.
4. Bréf frá Heilbrigðiseftirliti Norðurlands vestra vegna Kvennaskólahússins á Blönduósi.
5. Fundargerð héraðsráðs A-Hún.
6. Erindi frá Golfklúbbnum Ós, Blönduósi og Golfklúbbsi Skagastrandar.
7. Drög að samningi um leiguland í landi Blönduóssbæjar.
8. Önnur mál.

Afgreiðslur:

1. Fundarboð á aðalfund KH hf.

Kynnt fundarboð fyrsta aðalfundar KH hf sem haldinn verður á Veitingahúsinu Við Árbakkann, föstudaginn 16. maí, kl. 15. Fulltrúum bæjarráðs falið að sækja fundinn.

2. Tilkynning um 11. ársþing SSNV.

Lögð fram til kynningar tilkynning um ákvörðun stjórnar SSNV um að halda 11. ársþing SSNV dagana 29. og 30. ágúst 2003.

3. Ályktanir 63. fulltrúaráðsfundar Sambands íslenskra sveitarfélaga.

Lagðar fram ályktanir um heildarendurskoðun á tekjustofnum sveitarfélaga og sérstakt átak í sameiningu sveitarfélaga.

4. Bréf frá Heilbrigðiseftirliti Norðurlands vestra vegna Kvennaskólahússins á Blönduósi.

Í bréfinu segir að borist hafi kvörtun um klóak-/skólplykt í húsnæði Kvennaskólans en í húsnæðinu fer fram hússtjórnarkennsla frá Grunnskólanum á Blönduósi. Skv. mati heilbrigðisfulltrúans uppfyllir Kvennaskólahúsið ekki þær kröfur sem settar eru í lögum og reglugerðum um húsnæði og búnað þar sem fram fer meðferð matvæla.



Í framhaldi af erindi þessu beinir bæjarráð því til fræðslu-, íþrótt- og tómstundanefndar að tillögur berist að húsnæði fyrir hússtjórnarkennslu veturinn 2003 – 2004 hið fyrsta.

5. Fundargerð héraðsráðs A-Hún.

Lögð fram til kynningar.

6. Erindi frá Golfklúbbnum Ós, Blönduósi og Golfklúbbsi Skagastrandar.

Í erindinu er óskað eftir aðkomu sveitarfélaganna á Blönduósi og Skagaströnd, vegna kaupa á götunavél sem hentað gæti golfvöllunum á báðum stöðum. Samkvæmt meðfylgjandi verðtilboði kostar vélin kr. 550.000,- m vsk.

Bæjarráð samþykkir að styrkja golfklúbbana um kr. 100.000,- til kaupa á götunavélinni.

7. Drög að samningi um leiguland í landi Blönduóssbæjar.

Lögð fram drög að samningi um leigulönd í landi Blönduóssbæjar ásamt tillögum að reglum um leigulönd. Bæjarráð samþykkir drögin og felur byggingafulltrúa umboð til að undirrita samninga við leiguaðila.

8. Önnur mál.

a. Lögð fram tillaga fulltrúa D-listans.

“Undirritaðir fulltrúar D-listans leggja fram svohljóðandi tillögu: Hafinn verði undirbúningur að beinum útsendingum á fundum bæjarstjórnarinnar um Kántrýútvarpið eða á netinu. Bæjarstjóra verði falið að taka saman hver er kostnaðurinn við hvora leið og leggja fyrir næsta reglulegan fund bæjarstjórnar. Nokkur sveitarfélög hafa haft þá reglu að senda út fundi sveitastjórnar. Á Norðurlandi vestra hefur Sveitarfélagið Skagafjörður sent út fundi sveitastjórnar um langt skeið og þar með veitt öllum íbúum sveitarfélagsins gleggri mynd af störfum sveitastjórnarinnar. Vil teljum með þessu að bæjarbúar fái betri innsýn í umræðu og störf bæjarstjórnar.”

Auðunn Sigurðsson

Ágúst Þór Bragason

b. Laun Vinnuskóla 2003

Bæjarstjóri lagði fram yfirlit vegna launamála Vinnuskóla Blönduóssbæjar sumarið 2003. Bæjarráð gerir ekki athugasemdir við launatöfluyfirlitið.

Fleira gerðist ekki.

Fundi slitið kl. 18:25.

Valdimar Guðmannsson (sign.)

Auðunn Sigurðsson (sign.)

Hjördís Blöndal (sign.)

Fundargerð upplesin og samþykkt.

Jóna Fanney Friðriksdóttir (sign.)

